

## REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/972

2020/EES/62/15

frá 2. júlí 2020

um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1407/2013 að því er varðar framlengingu á gildistíma hennar og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 651/2014 að því er varðar framlengingu á gildistíma hennar og viðeigandi aðlaganir (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 4. mgr. 108. gr.,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (ESB) 2015/1588 frá 13. júlí 2015 um beitingu 107. og 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins gagnvart tilteknum flokkum þverlægrar ríkisaðstoðar <sup>(1)</sup>, einkum a- og b-lið 1. mgr. 1. gr. og 2. gr.,

að höfðu samráði við ráðgjafarnefndina um ríkisaðstoð,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Nokkrar af þeim reglum um ríkisaðstoð, sem samþykktar voru sem hluti af verkefninu um „núttímavæðingu ríkisaðstoðar“ árið 2012, falla úr gildi í lok árs 2020. Sér í lagi munu reglugerðir framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1407/2013 <sup>(2)</sup> og (ESB) nr. 651/2014 <sup>(3)</sup> falla úr gildi 31. desember 2020.
- 2) Til að tryggja fyrirsjáanleika og réttarvissu, á meðan mögulegar uppfærslur á reglunum um ríkisaðstoð, sem samþykktar voru sem hluti af verkefninu um núttímavæðingu ríkisaðstoðar, eru undirbúnar, ætti framkvæmdastjórnin að grípa til aðgerða í tveimur áföngum.
- 3) Í fyrsta lagi ætti framkvæmdastjórnin að framlengja gildistíma reglna um ríkisaðstoð sem annars myndu falla úr gildi í lok árs 2020. Í öðru lagi ætti framkvæmdastjórnin, í samræmi við *viðmiðunarreglur framkvæmdastjórnarinnar um bættu reglusetningu* <sup>(4)</sup>, að gera úttekt á reglunum ásamt öðrum reglum um ríkisaðstoð sem samþykktar voru sem hluti af verkefninu um núttímavæðingu ríkisaðstoðar. Hinn 7. janúar 2019 setti framkvæmdastjórnin af stað úttekt á þessum reglum í formi „hæfisprófs“. Framkvæmdastjórnin hefur þegar tilkynnt, í tengslum við Grænt samkomulag í Evrópu <sup>(5)</sup> og stafræna áætlun fyrir Evrópu, að hún hyggist endurskoða fjölda viðmiðunarreglna fyrir árslok 2021. Framkvæmdastjórnin mun ákveða, á þeim grundvelli, hvort framlengja eigi gildistíma reglnanna eða uppfæra þær.
- 4) Að teknu tilliti til viðtæks umfangs hæfisprófsins og þeirrar staðreyndar að niðurstöður úttektarinnar verða ekki tiltækar fyrr en síðla árs 2020 er ekki hægt að taka stefnumarkandi ákvörðun varðandi mótun reglnanna um ríkisaðstoð eftir 2020 nógu tímanlega til að tryggja réttaröryggi og stöðugleika fyrir hagsmunaaðila að því er varðar gildandi reglur eftir 2020. Framlanging á gildistíma er því nauðsynleg til að gera tilhlýðilega úttekt á reglunum um ríkisaðstoð og til að tryggja fyrirsjáanleika og stöðugleika þeirra reglna fyrir aðildarríkin.
- 5) Því ætti að framlengja gildistíma reglugerða (ESB) nr. 1407/2013 og (ESB) nr. 651/2014 um þrjú ár til 31. desember 2023.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 215, 7.7.2020, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 115/2020 frá 6. ágúst 2020 um breytingu á XV. viðauka (Ríkisaðstoð) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 248, 24.9.2015, bls. 1.

(2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1407/2013 frá 18. desember 2013 um beitingu 107. og 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins gagnvart *minniháttaraðstoð* (Stjtið. ESB L 352, 24.12.2013, bls. 1).

(3) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 651/2014 frá 17. júní 2014 þar sem tilgreindir eru tilteknir flokkar aðstoðar sem samrýmast innri markaðnum til beitingar á 107. og 108. gr. sáttmálans (Stjtið. ESB, L 187, 26.6.2014, bls. 1).

(4) Vinnuskjal framkvæmdastjórnarinnar fyrir starfsfólk sem ber yfirskriftina „Viðmiðunarreglur um bættu reglusetningu“ frá 7. júlí 2017, SWD (2017) 350.

(5) Orðsending framkvæmdastjórnarinnar til Evrópuþingsins, leiðtogaráðsins, ráðsins, efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins og svæðanefndarinnar „Grænt samkomulag í Evrópu“ (e. European Green Deal) (COM(2019) 640 lokagerð).

- 6) Því ætti að breyta reglugerðum (ESB) nr. 1407/2013 og (ESB) nr. 651/2014 til samræmis við það.
- 7) Framlenging á gildistíma reglugerðar (EB) nr. 651/2014 kann að leiða til þess að einhver aðildarríki óski eftir að framlengja aðstoðarráðstafanir sem eru undanþegnar samkvæmt þeirri reglugerð og eru efni samantektar á upplýsingum í samræmi við a-lið 11. gr. þeirrar reglugerðar. Til að tryggja gagnsæi ættu aðildarríki að senda framkvæmdastjórninni uppfærða samantekt upplýsinga varðandi framlengingu þessara ráðstafana.
- 8) Kerfum, sem komið var á fót skv. 1. þætti (að undanskilinni 15. gr.), 2., 3., 4. og 7. þætti (að undanskilinni 44. gr.) og 10. þætti III. kafla reglugerðar (ESB) nr. 651/2014, með árlegt meðalfjármagn til ríkisaðstoðar sem fer yfir 150 milljónir evra, sem notið hafa undanþágu lengur en í sex mánuði samkvæmt ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar og sem viðkomandi aðildarríki óskar eftir að verði framlengd um tímabilið eftir 31. desember 2020, ættu áfram að njóta undanþágu til 31. desember 2023, að því tilskildu að aðildarríkin hafi sent framkvæmdastjórninni uppfærða samantekt upplýsinga og lagt fram lokamatsskýrslu í samræmi við matsáætlunina sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt.
- 9) Í ljósi þeirra efnahagslegu og fjárhagslegu afleiðinga sem uppkoma COVID-19 hefur haft á fyrirtæki og til að tryggja samræmi við almenn stefnumarkandi viðbrögð sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt, einkum á tímabilinu 2020-2021, ætti að breyta reglugerð (ESB) nr. 651/2014 til samræmis. Einkum ættu fyrirtæki, sem lent hafa í erfiðleikum vegna uppkomu COVID-19, að vera aðstoðarhæf samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 651/2014 í takmarkaðan tíma. Að sama skapi ættu fyrirtæki, sem þurfa að segja upp starfsfólki tímabundið eða varanlega vegna uppkomu COVID-19, ekki að teljast hafa brotið gegn skuldbindingum vegna flutninga sem gefnar voru fyrir 31. desember 2019, þegar þau báðu svæðisbundna aðstoð. Þessi undantekningarákvæði ættu að gilda tímabundið frá 1. janúar 2020 til 30. júní 2021.
- 10) Því ætti að breyta reglugerðum (ESB) nr. 1407/2013 og (ESB) nr. 651/2014 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Í stað annarrar málsgreinar 8. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1407/2013 kemur eftirfarandi:

„Hún gildir til 31. desember 2023.“

*2. gr.*

Reglugerð (ESB) nr. 651/2014 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum 1. gr. er breytt sem hér segir:

1) Í stað a-liðar 2. mgr. kemur eftirfarandi:

- a) kerfi skv. 1. þætti (að undanskilinni 15. gr.), 2., 3., 4. og 7. þætti (að undanskilinni 44. gr.) og 10. þætti III. kafla þessarar reglugerðar ef árlegt meðalfjármagn til ríkisaðstoðar fer yfir 150 milljónir evra, frá sex mánuðum eftir að þau öðlast gildi. Framkvæmdastjórnin getur ákveðið að þessi reglugerð skuli gilda lengur hvað varðar þessi aðstoðarkerfi eftir að hafa metið viðeigandi matsáætlun sem aðildarríkið tilkynnir til framkvæmdastjórnarinnar innan 20 virkra daga frá því að kerfið öðlast gildi. Ef framkvæmdastjórnin hefur þegar framlengt beitingu þessarar reglugerðar um meira en upphaflegu sex mánuðina að því er varðar slík kerfi geta aðildarríki ákveðið að framlengja gildistíma slíkra kerfa til loka gildistíma þessarar reglugerðar, að því tilskildu að hlutaðeigandi aðildarríki hafi lagt fram matsskýrslu í samræmi við matsáætlunina sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt. Þó má framlengja svæðisbundna aðstoð, sem veitt er samkvæmt þessari reglugerð, þrátt fyrir framangreint, til loka gildistíma viðkomandi korta yfir svæðisbundna aðstoð.

2) Í stað c-liðar 4. mgr. kemur eftirfarandi:

„c) aðstoð til fyrirtækja sem eiga í erfiðleikum, að undanskildum aðstoðarkerfum til að bæta tjón af völdum tiltekinna náttúruhamfara, upphafsáðstoðarkerfum og svæðisbundnum rekstraraðstoðarkerfum, að því tilskildu að þessi kerfi veiti fyrirtækjum í erfiðleikum ekki hagstæðari meðferð en öðrum fyrirtækjum. Þrátt fyrir framangreint skal þessi reglugerð gilda um fyrirtæki sem áttu ekki í erfiðleikum 31. desember 2019 en lentu í erfiðleikum á tímabilinu frá 1. janúar 2020 til 30. júní 2021.“

2) Í stað 27. liðar 2. gr. kemur eftirfarandi:

„27) „aðstoðarsvæði“: svæði tilgreind á samþykktu korti yfir svæðisbundna aðstoð fyrir tímabilið 1. júlí 2014 til 31. desember 2021 við beitingu a- og c-liðar 3. mgr. 107. gr. sáttmálans vegna svæðisbundinnar aðstoðar sem veitt er til 31. desember 2021 og svæði tilgreind á samþykktu korti yfir svæðisbundna aðstoð fyrir tímabilið 1. janúar 2022 til 31. desember 2027 við beitingu a- og c-liðar 3. mgr. 107. gr. sáttmálans vegna svæðisbundinnar aðstoðar sem veitt er eftir 31. desember 2021,“.

3) Í stað 11. gr. kemur eftirfarandi:

„11. gr.

### Skýrslugjöf

1. Aðildarríkin eða, ef um er að ræða aðstoð sem veitt er til verkefna evrópskrar svæðasamvinnu, aðildarríkið þar sem stjórnunaryfirvaldið, eins og það er skilgreint í 21. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1299/2013, er staðsett skal senda framkvæmdastjórninni:

- a) um rafrænt tilkynningarkerfi framkvæmdastjórnarinnar, samantekt upplýsinga um hverja aðstoðarráðstöfun sem nýtur undanþágu samkvæmt þessari reglugerð á staðlaða eyðublaðinu sem mælt er fyrir um í II. viðauka, ásamt hlekk sem veitir aðgang að óstyttnum texta aðstoðarráðstöfunarinnar, þ.m.t. breytingar á honum, innan 20 virkra daga frá gildistöku aðstoðarráðstöfunarinnar,
- b) ársskýrslu á rafrænu formi samkvæmt reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 794/2004 (\*) um beitingu þessarar reglugerðar sem inniheldur upplýsingar sem tilgreindar eru í reglugerð (EB) nr. 794/2004, fyrir hvert heilt ár eða hluta árs sem fellur innan gildistíma þessarar reglugerðar.

2. Ef framlenging á gildistíma þessarar reglugerðar til 31. desember 2023 með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/972 (\*\*\*) leiðir til þess að aðildarríki gerir áætlun um að framlengja ráðstafanir sem voru efni samantektar á upplýsingum, sem var send framkvæmdastjórninni í samræmi við 1. mgr. þessarar greinar, skal aðildarríkið uppfæra þá samantekt upplýsinga að því er varðar framlengingu þeirra ráðstafana og tilkynna framkvæmdastjórninni um uppfærsluna innan 20 virkra daga frá gildistöku þeirrar lagagerðar sem framlengir viðkomandi ráðstöfun aðildarríkisins.

(\*) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 794/2004 frá 21. apríl 2004 um framkvæmd reglugerðar ráðsins (ESB) 2015/1589 um ítarlegar reglur um beitingu 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins (Stjtið. ESB L 140, 30.4.2004, bls. 1).

(\*\*) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/972 frá 2. júlí 2020 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1407/2013 að því er varðar framlengingu á gildistíma hennar og breytingu á reglugerð (ESB) nr. 651/2014 að því er varðar framlengingu á gildistíma hennar og viðeigandi aðlaganir (Stjtið. ESB L 215, 7.7.2020, bls. 3).“

4) Eftirfarandi málslíður bætist við í 16. mgr. 14. gr.:

„Að því er skuldbindingar sem gerðar voru fyrir 31. desember 2019 varðar skulu störf sem tapast innan sömu eða svipaðrar starfsemi í einni af upphaflegum starfsstöðvum aðstoðarþegans á Evrópska efnahagssvæðinu, á tímabilinu frá 1. janúar 2020 til 30. júní 2021, ekki teljast flutningur í skilningi liðar 61a í 2. gr. þessarar reglugerðar.“

5) Í stað annarrar málsgreinar 59. gr. kemur eftirfarandi:

„Hún gildir til 31. desember 2023.“

3. gr.

Reglugerð þessi skal öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 2. júlí 2020.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

---